

Viðauki 3. Tækniskilmálar hýsingar

1. 48v DC rafmagn

Gert er ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki geti keypt DC rafmagn af þjónustusala, þar sem slíkt er mögulegt.

2. Veiturfarmagn

Veiturfarmagn afhendist sem einfasa 230V 16A. Ef þjónustukaupi óskar eftir meira afli verður grein stækkuð á kostnað þjónustukaupa. Gera má ráð fyrir rofi einstaka sinnum vegna bilana og breytinga. Þjónustukaupi verður látinn vita með fyrirvara um fyrirfram ákveðin rafmagnsrof.

Við uppsetningu búnaðar þjónustukaupa skal áætla rafmagnsnotkun viðkomandi búnaðar. Rafmagn er selt með umsjónarkostnaði.

Ef þjónustukaupi eða þjónustusali óskar eftir að settur verði upp frádráttarmælir greiðir þjónustukaupi kostnað sem af því hlýst.

Á einstaka stöðum eru rafstöðvar notaðar sem megin aflagjafi og skal gjald fyrir slíkt fyrirkomulag reiknað út sérstaklega, verð skal endurspegla raunkostnað með hæfilegri álagningu. Vararafstöðvar eru til staðar á nokkrum hýsingarstöðum þjónustusala.

Vararafstöðvar eru á eftirtöldum stöðum:

Múlastöð	Suðurlandsbraut 28 / Ármúla 25-28.-108.Reykjavík
Landssímahús	Thorvaldsensstræti 4-6.101.Reykjavík
Kópavogsstöð	Digranesvegur 7. 200.Kópavogur
Breiðholtsstöð	Norðurfell 15. 111.Reykjavík
Varmárstöð	Skólabraut 1A. 270.Mosfellsbær
Akureyri	Hafnarstræti 102. 600.Akureyri
Selfoss	Austurvegur 26. 800.Selfoss
Hvolsvöllur	Austurvegur 2. 860.Hvolsvöllur
Seyðisfjörður	Hafnargata 4. 710.Seyðisfjörður
Vestmannaeyjar	Vestmannabraut 22. 900.Vestmannaeyjar

3. Lagnir og lagnaleiðir innanhúss

Þjónustukaupi greiðir fyrir lagnir frá sameiginlegum punkti, s.s. tengigrind eða rafmagnstöflu. Sama gildir um lagnaleiðir (t.d. lagnabakka) sem þarf að setja upp vegna lagna að búnaði þjónustukaupa.

Þjónustusali hefur ákvörðunarvald um lagnaleiðir. Þurfi þjónustukaupi að setja upp lagnaleiðir, skulu samningsaðilar hafa samráð um hvort þriðja aðila verði heimilt að nýta þær. Virða ber reglur um eldvarnir við lagningu strengja milli rýma. Ef lagnaleið fer í gegnum rými þriðja aðila þarf öryggi að vera tryggt, s.s. brunavarnir, aðgengi og skerming strengja þar sem það á við.

4. Jarðtengingar

Jarðtengingar eru til staðar í öllum hýsingarstöðum þjónustusala. Gerð er krafa um að allur búnaður sé jarðtengdur samkvæmt stöðlum sem um það gilda. Þjónustukaupi skal tengja allan sinn búnað við jarðskinnukerfi viðkomandi tækjasalar og eða spennujöfnunarnet þar sem það er fyrir hendi

5. Loftræsting, kæling og rakastig

Þjónustan felur ekki í sér stýringu á rakastigi í húsnæðinu og getur rakastig breyst töluvert. Ef þjónustukaupi gerir kröfu um ákveðið rakastig skal semja um það sérstaklega. Í sambandi við loftræstingu og/eða kælingu í húsnæði þjónustusala gildir eftirfarandi:

Reynt er með stýringum að hafa hitastig í tækjasölum á bilinu 15 til 25°C mælt í 150 sm hæð frá gólfi. Þar sem eingöngu er kælt með útilofti er ekki hægt að ábyrgjast viðmiðunarhitastig ef útihitastig fer yfir 20°C. Viðvörunarboð berast til kerfisvöktunar þjónustusala ef hitastig fer í 28°C.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til búnaðar þjónustukaupa í sambandi við kælingu: Þjónustukaupi skal í öllum tilvikum gefa upp hver er áætluð orkunotkun / kælipörf búnaðar (tækjaskáps).

6. Brunaviðvörunarkerfi

Brunaviðvörunarkerfi er mismunandi eftir húseignum. Í öllum stærri húseignum þjónustusala er sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi.

7. Heilsuvarnir og truflanir frá búnaði

Búnaður þjónustukaupa skal uppfylla útgeislunarkröfur í samræmi við ETSI ETS 300 386-1, class 2 "Equipment Engineering; Public Telecommunication Network Equipment Electro-Magnetic Compatibility (EMC) Requirements; part 1. Verði truflanir á einhverjum búnaði í tækjarými þjónustusalans raktar til búnaðar í hýsingu, skal viðkomandi fyrirtæki greiða fyrir allan kostnað sem af því hlýst að koma í veg fyrir truflanirnar svo og kostnað við að greina og leysa vandann.